

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 156/2016**

2018/EES/16/23

frá 8. júlí 2016

**um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, (hér eftir „EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/583 frá 15. apríl 2016 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1332/2011 um sameiginlegar kröfur um notkun loftrýmis og verklagsreglur fyrir árekstravara í flugi <sup>(1)</sup>.
- 2) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi bætist við í lið 66sa (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1332/2011) í XIII. viðauka við EES-samninginn:

„, eins og henni var breytt með:

- **32016 R 0583**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/583 frá 15. apríl 2016 (Stjtíð. ESB L 101, 16.4.2016, bls. 7).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2016/583, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 9. júlí 2016, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram <sup>(\*)</sup>.

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. júlí 2016.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Bergdís Ellertsdóttir**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtíð. ESB L 101, 16.4.2016, bls. 7.

<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.